

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruflutninga með loftförum
nr. 51 27. febrúar 1976.

1. gr.

4. gr. tölulíður 4.3 orðist þannig:

Við flutning lifandi dýra skal hafa hliðsjón af reglum Alþjóðasambands flugfélaga — International Air Transport Association — með síðari breytingum og viðaukum, IATA Live Animals Manual (IATA LAM). Flugmálastjórn tilkynnir gildistöku nýrrar útgáfu IATA LAM og einnig hvar eintak er fánlegt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

29. október 1979.

Nr. 469.

AUGLÝSING**Um umferð á Húsavík.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umfl. nr. 46 frá 23. apríl 1968 hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Húsavík.

1. Þverholt hafi aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum. — Umferð um Þverholt skal víkja fyrir umferð um Stangarbakka með stöðvunarskyldu. — Við allar botngötur komi merkið D 8. — Múlavegur skal hafa biðskyldu gagnvart Garðarsbraut og Stangarbakka.
2. Stangarbakki (Mararbraut), Héðinsbraut skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart öllum hliðargötum.
3. Hjarðarhóll skal hafa stöðvunarskyldu gagnvart Garðarsbraut.
4. Uppsálavegur hafi aðalbrautarrétt gagnvart Holtagerði með biðskyldu.
5. Afnumið verði bann við akstri vörubíreiða um Túngötu og Höfðaveg.
6. Frá 1. nóvember 1979 falli niður biðskylda Túngötu fyrir Árgötu og jafnframt verði Túngata gerð að tvístefnuakstursgötu.
7. Stöðvunarskyldu Baldursbrekku fyrir Héðinsbraut verði breytt í biðskyldu.
8. Garðarsbraut hafi biðskyldu fyrir Stangarbakka.
9. Sett verði merki, B 30, (U-beygja bönnuð), á gatnamót Baldursbrekku og Héðinsbrautar.
10. Sett verði merki B 24 (bannað að stöðva ökutæki), á gafl gömlu söludeildar K.P. við Garðarsbraut.

11. Sett verði merki B 21 (bannað að leggja ökutæki), á Garðarsbraut frá Miðgarði að Vallholtsvegi, eftir 1. nóvember 1979.
12. Sett verði merki skv. 27. gr. reglugerðar um umferðarmerki á Stangarbakka við enda Þverholts til aðvörunar fyrir öikumenn um breytta akstursstefnu.

Lögreglustjórinn á Húsavík, 29. október 1979.

Sig. Gizurarson.